

Kverná

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Bærinn stendur austanvert við samnefnda á, skammt frá því er áin kemur fram úr gljúfrum miklum og sem nefnt eru **Kvernárgljúfur** (1).

Bærinn er norðan undir hólbungu. Fyrir sunnan er mýrlend laut; upp frá bænum fer túnið hækkandi og það kallaður **Hólavöllur** (2), vestan í honum er mjög brött brekka, sem nefnd er **Hólbrekka** (3). Milli Hólavallarins og árinna er slétta, sem **Árflöt** (4) heitir. Landamerkjum ræður **Kverná** (5) að vestan, en **Grundará** (6) að austan. Eyrarnar niður frá túninu, milli ána, eru kallaðar **Kvernáreyrar** (7), ná þær ofan að **Kampi** (8).

Á Kampinum er rúst, sem kölluð er **Draugarúst** (9). Fyrir austan bæinn er dalur, sem heitir **Kvernárdalur** (10), eftir honum fellur lækur, sem nefndur er **Gilið** (11). Í gljúfrum í dalbotninum er foss í Gilinu, sem heitir **Gilfoss** (12). Múli, sem er austan við dalinn, heitir **Kvernárrani** (13). Vestan við Grundará, en austast og efst í Rananum, er lækur, sem fellur í mjög háum fossi ofan af brúninni; heitir lækurinn **Mógil** (14) og fossinn **Mógilsfoss** (15). Vestan Grundarár eru hæðir, upp af Rananum, heita þær **Borgir** (16). Í þeim eru seltóftir, er kallaðar eru **Setbergssel** (17).

Grundará rennur uppi á fjallinu í allstórum dal, er **Hróksdalur** (18) heitir, dregur hann nafn af klettahnúk á vesturbrún dalsins sunnarlega, er **Hrókur** (19) heitir. Í botni dalsins eru allmikil gljúfur, sem Grundará fellur eftir. Upp af Kvernárrana er allhá borg eða hjalli, sem **Beitiborg** (20) heitir. Norðvestur frá Beitiborg er hlíð, sem heitir **Bratti** (21). Suðvestur frá henni er múli, sem heitir **Digrímúli** (22). Suðvestur frá Digramúla er hár klettatindur, sem heitir **Smjörhnúkur** (23). Suður af Digramúla, en suðaustur frá Smjörhnúk er dalverpi, sem **Krákudalur** (24) heitir. Úr dalnum fellur gil í Hróksdal, kemur það úr tjörn í Krákudal, gil þetta heitir **Hróksdalsgil** (25). Upp úr Hróksdal eru urðir og öræfi suður í skarð á háfjalli, sem **Lýsuskarð** (26) heitir. Upp frá Smjörhnúk eru

tindar, sem eru talsvert hærrí en hann – eru þeir einu nafni kallaðir **Tindar** (27). Milli þeirra og hátinda eru nafnlaus öræfi.

Við Kvernána, í brúnina skammt fyrir austan gljúfrin, er lítið skarð, sem **Klif** (28) er kallað, um það liggur vegurinn eða slóðarnir þegar farið er Arnardalsskarð. Austan við Klifið er hæð grasivaxin, sem heitir **Klifþúfa** (29). Upp með ánni, uppi á brúninni, er laut, sem heitir **Kúalaut** (30).

Dalur sá er Kverná rennur eftir heitir **Arnardalur** (31). Í dalnum er allvíðáttumikill flói, sem **Arnarflói** (32) heitir. Suður og austur frá Klifþúfu eru sandhæðir, sem heita **Kúlur** (33). Fyrir ofan brúnina, en austnorður af Arnarflóa standa tveir stórir steinar, er heita **Skjólsteinar** (34). Hlíðin suður frá Skjólsteinum, sem er austurhlíð Arnardals, heitir **Arnarhlíð** (35). Austnorður frá Arnarhlíð, bak við fjallshrygg þann, er myndar hana, eru dalverpi, sem heita **Dýjadalir** (36), nær hann upp að Smjörhnúk (neðri).

Upp úr Arnardal, austan Kvernár, suður með Tindunum, heitir **Arnarklif** (37), um það liggur vegurinn til Arnardalsskarðs. Þegar kemur upp úr klifinu koma víðáttumikil dalverpi, sem **Sóleyjardalir** (38) heita; ná þeir suður undir **Arnardalsskarð** (39) (**Bláfeldarskarð** (40)).

Stafrófsskrá örnefna

Arnardalsskarð 39=40
Arnardalur 31
Arnarflói 32
Arnarhlíð 35
Arnarklif 37
Árflöt 4
Beitiborg 20
Bláfeldarskarð 40=39
Borgir 16
Bratti 21
Digrimúli 22
Draugarúst 9
Dýjadalir 36
Gil(ið) 11
Gilfoss 12
Grundará 6
Hólavöllur 2
Hólbrekka 3
Hróksdalsgil 25
Hróksdalur 18
Hrókur 19
Kampur 8
Klif 28
Klifþúfa 29
Krákudalur 24
Kúalaut 30
Kúlur 33
Kverná 5
Kvernárdalur 10
Kvernáreyrar 7
Kvernárgljúfur 1
Kvernárrani 13
Lýsuskarð 26
Mógil 14
Mógilsfoss 15
Setbergssel 17
Skjólsteinar 34
Smjörhnúkur 23
Sóleyjardalir 38
Tindar 27